

Akureyrarbær
Margrét Mazmanian Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri




Reykjavík, 3. apríl 2014
Tilvísun: UST20140200240/ksj


Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018, miðbær.

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Akureyrarbæjar er barst 27. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 - 2018 er varðar miðbæ Akureyrar. Tillaga að breytingu felur í sér að hætt er við síki frá Torfunefi inn að Skipagötu, ekki er lengur gert ráð fyrir bílastæðum að mestu í bílakjöllurum, hæð bygginga takmarkist við fjórar hæðir, en einstaka byggingar geti verið fimm hæðir, áætlaður hafnargarður og fylling færast til, breyting er gerð á veglínu Glerárgötu og miðbæjarreitir er stækkaður lítillega á kostnað opins svæðis.

Umhverfisstofnun telur ofangreindar breytingar minni háttar og gerir stofnunin ekki athugasemdir við þær.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun